

<b>Kennari:</b>	Linda Björk Sigurðardóttir
<b>Áfangi/fag:</b>	ÍSLE2MB05 – Bókmenntir, málnotkun og ritun

### Stutt lýsing

Lögð er áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar. Nemendur lesa fjölbreytta bókmenntatexta og smásögur og skila umsögn um kjörbók. Nemendur læra grunnatriði í bókmenntafræði og læra að beita grunnhugtökum í henni. Lögð er áhersla á grunnþætti málfræði og stafsetningu og málnotkun. Nemendur kynnst bragfræði og stílbrögðum í ljóðum. Nemendur fá innsýn í hugmyndaheim sögualdar með því að lesa eina Íslendingasögu.

Áfanginn er kenndur á tveimur önnum.

### Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

#### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu
- Beygingareinkennum og greiningu í orðflokka
- Helstu stafsetningareglum
- Uppsetningu, byggingu og framsetningu stuttra ritsmíða
- Helstu undirstöðuhugtökum bókmennta
- Grunnatriðum í bragfræði
- Mikilvægi góðra vinnubragða

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa fjölbreytta texta og endursegja efni
- Að nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til þess að efla eigin málfærni
- Nota helstu bókmenntahugtök í skriflegri og munnlegri umfjöllun um bókmenntir
- Byggja upp og ganga frá stuttum ritsmíðum
- Beita bragfræðihugtökum
- Setja verkefni skýrt og skipulega fram

#### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Auka sjálfstraust sitt og trú á eigin málfærni í ræðu og riti
- Lesa bókmenntaverk og aðra texta sér til gagns og gamans
- Útskýra einkenni bundins máls og nota valin bókmenntahugtök
- Nýta orðaforða, beita málinu og rita rétt
- Semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málsniði
- Vanda vinnubrögð

### **Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)**

Nemendur fá öll kennslugögn í skólanum, Gunnlaugssaga Ormstungu og útprentuð verkefni. Kjörbók geta nemendur fengið hér eða valið sjálfir annars staðar.

### **Námsmat**

Námsmat er leiðsagnarmat, símat sem stendur yfir allan kennslutímann. Stuttar kannanir og próf.

Málfræði og stafsetning: 25%

Bókmenntir: 25%

Íslendingasaga: 15%

Kjörbók: 15%

Bragfræði: 10%

Ástundun og virkni: 10%

Nemandi þarf að fá 5 í einkunn til að ljúka áfanganum.